

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps

mánudaginn 26. júlí 2010 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 a, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Guðmundur Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Hallur Kristmundsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1007031** Umsókn dags. 14. júlí s.l. frá Ragnari M. Ragnarssyni f.h. Ólínu J. Jónsdóttur um leyfi til að byggja 22,2 m² viðbyggingu við Sjávarslóð í Flatey. Erindið samþykkt með fyrirvara um að fullnaðar byggingarnefndarteikningar liggi fyrir. Sömuleiðis verður að ganga frá lóðarleigusamningi áður en byggingarleyfi er gefið út.
2. **1005016** Umsókn dags. 10. maí s.l. frá Sveini B. Jóhannessyni f.h. Hyrningsstaða sf um leyfi til að rífa fasteign 212-2153, Hyrningsstaðir 1. Einnig er sótt um leyfi til að lóðin verði tekin út úr fasteignaskrá. Erindið samþykkt með fyrirvara um samþykki allra skráðra eigenda húss og lóðar.
3. **1006022** Umsókn dags. 10. júní s.l. frá Trésmiðjunni Akri ehf um lóð við Hólatröð 5-7 á Reykhólum. Erindið samþykkt. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að ákveða tímamörk frá lóðarúthlutun þar til framkvæmdir skulu hafnar, t.d. 12 mánuðir frá lóðarúthlutun.
4. **1007020** Umsókn dags. 13. júlí s.l. frá Magnúsi B. Björnssyni um leyfi til að byggja skúr yfir vatnsgeymi og undirstöður undir vindrafstöð í landi Skóga í Þorskaflirði. Afgreiðslu frestað. Afstöðumynd vantar og samþykki landeiganda.

Mál til kynningar:

1. **1004004** Bréf dags. 7. júní s.l. frá Skipulagsstofnun varðandi deiliskipulag við Innstapoll í Flatey ásamt aðkomuvegi. Kynnt.
2. **0905040** Tölvupóstur í jún. s.l. á milli Skipulagsstofnunar og Siglingastofnunar varðandi smábátahöfn í Flatey. Kynnt.

Önnur mál.

1. **1007039** Bréf ódags, móttekið 26. júlí 2010 frá Dóru Maríu Garðarsdóttur með umsókn um leyfi til að byggja sumarhús í landi Deildará á Skálmarnesi. Erindið samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn minjavarðar og eigenda jarðarinnar.
2. **1007036** Bæjar- og húsakönnun í Flatey. Kynnt.

3. **1007040** Umsókn dags. 23. júlí s.l. frá Sveini Hallgrímssyni um leyfi til að byggja íbúðarhús á Skálanesi. Erindið samþykkt.
4. **1007041** Umsókn dags. 26. júlí 2010 frá Gústafi Jökli Ólafssyni um stöðuleyfi fyrir hús á plani við Suðurbraut 4. Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1. ágúst 2011.
5. **1007042** Umsókn dags. 22. júlí s.l. frá Orkubúi Vestfjarða um byggingaleyfi fyrir skýli yfir tvo holutoppa við Álftaland. Afgreiðslu frestað þar til fullnægjandi byggingarnefndarteikningar liggja fyrir og grenndarkynning hefur farið fram.
6. Erindi frá Guðmundi Guðmundssyni um leyfi til að byggja tvö eins sumarhús í landi Kvígindisfjarðar. Afgreiðslu frestað þar til deiliskipulag svæðisins liggur fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:00